

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og urðun sorps í Hvalfjarðarsveit.

### 1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. 5. gr. samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

### 2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

|                         |                              |
|-------------------------|------------------------------|
| Sumarhús (frístundahús) | 13.000 kr. í sorphirðugjald  |
| Íbúðarhúsnæði           | 31.000 kr. í sorphirðugjald  |
| Íbúðir og sumarhús      | 3.500 kr. í sorpurðunargjald |

Gjöld þessi miðast við vísitölu neysliverðs í desember 2017 og uppfærast samkvæmt breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2019 og skulu gilda þannig næsta ár.

### 3. gr.

Sé óskað eftir fleiri ílátum við íbúðarhús skal greiða fyrir ílát og aukaurðun fyrsta árið, þar eftir aukaurðunargjald:

|                          |            |
|--------------------------|------------|
| Lífrænt                  | 11.100 kr. |
| Flokkað                  | 11.100 kr. |
| Óflokkað                 | 11.100 kr. |
| Ker (aðeins í dreifbýli) | 33.100 kr. |

### 4. gr.

Ef sorpílát skemmast eða hverfa vegna þess að það hefur ekki verið gengið nægilega vel frá tunnum t.d. undir skýli eða að festingar vantar verður innheimt samkvæmt eftirfarandi:

|                  |            |
|------------------|------------|
| Tunna 140 l      | 8.000 kr.  |
| Tunnur 240/360 l | 8.000 kr.  |
| Ker 660 l        | 30.000 kr. |

### 5. gr.

Gámastæði verða í nágrenni deiliskipulagðra frístundasvæða með yfir 20 bústöðum skv. 6. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Grenndarstöð verður einnig staðsett við Melahverfi.

### 6. gr.

Sorphirðugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum. Gjaldagar fasteignagjalda verða 8 talsins á mánaðarfresti, 15. hvers mánaðar, í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst og september. Fyrsti gjalddagi 15. febrúar.

### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1144/2016.

*Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 28. nóvember 2017.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.